

Minnisblað

Viðtakandi: Bæjarráð

Sendandi: Bæjarstjóri

Dags.: 6. maí 2026

Í þessu minnisblaði eru helstu fjárfestingar sveitarfélagsins á árunum 2022–2026 teknar saman auk þeirra verkefna sem nú eru komin í farveg. Listinn er ekki tæmandi.

- Ráðhús: Endurbætur á byggingu, innanhúss og á lóð/umhverfi.
- Safnahús: Gerð Fágætissafns.
- Barnaskóli: Endurbætur innanhúss, s.s. á sal og eldhúsaðstöðu.
- Hamarsskóli: Endurbætur innanhúss, s.s. á kennslueldhúsi og kaffiaðstöðu. Einnig gerður útipallur.
- Tónlistarskóli: Endurbætur innanhúss, m.a. bætt aðgengi með nýjum inngangi og lyftu.
- Uppbygging leikvalla í hverfum og á Stakkagerðistúni.
- Endurbætur á skólalóðum.
- Kirkjugerði: Tvær nýjar leikskóladeildir. Endurbætur utan- og innanhúss. Nýtt útisvæði fyrir yngstu nemendurna.
- Sóli: Ný deild. Nýtt útisvæði fyrir yngstu nemendurna og endurbætur innanhúss.
- Listaverk Olafs Elíassonar, 50 milljónir af heildarfjárfestingunni
- Almannavarnalögn NSL-4.
- Hásteinsvöllur: Uppbygging á svæði, þ.m.t. klukka, búningsklefar, gervigras og flóðljós.
- Vigtartorg: Uppbygging á svæðinu, s.s. leikvöllur, útivistarsvæði og svið til upplýsinga- og skemmtanahalds.
- Íþróttamiðstöð: Endurbætur innanhúss, t.d. í sundlaug, afgreiðslu og kaffistofu. Viðgerðir utanhúss. Viðbygging með nýjum búningsklefum og ný heilsuræktarstöð í ferli.
- Eygló ljósleiðarafélag : Dreifikerfi (búið að selja).
- Höfnin: Gjábakkinn (nýr kantur) og endurbætur á höfn og hafnarmannvirkjum.
- Félagsmiðstöð í Hvíta húsinu: Endurbætur innanhúss til að aðlaga betur að starfsemi og útbúa aðstöðu fyrir Sköpunarhús.
- Kirkjuvegur 23 / Fjölskyldu- og fræðslusvið: Endurbætur innanhúss, s.s. 2. hæð innréttuð fyrir skrifstofur.
- Þjónustuíbúðir fyrir aldraða: Endurnýjun innréttinga og gólfefna.
- Þórsheimili: Endurbætur utanhúss, s.s. viðgerðir á múr, málað og skipt um þak. Ný girðing við Þórsvöllinn.

- Viðhald og uppbygging samgangna: Lagfæring gangstétta, göngustíga og gatna ásamt fjölgun göngustíga.
- Golfvöllur: Nýbygging.
- Gatnalýsingar: Nýir lamapar.
- Dagdvöl aldraðra: Breytingar og lagfæringar innanhúss.

Heildarfjárfesting frá 2022 til dagsins í dag nemur um 5,1 milljarði króna.